

Þriggja ára matsáætlun Grunnskóla Seltjarnarness

skólaárið 2010-2011

skólaárið 2011-2012

skólaárið 2012-2013

Tilgangur sjálfsmats er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í hverjum skóla, greina þarfir skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmati er ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það góða og benda á það sem betur má fara. (Úr drögum að vinnureglum fyrir skólamatshóp).

Í Grunnskóla Seltjarnarness hefur verið settur grunnur að matsáætlun (sjá neðar í þessu skjali). Í grunninum koma fram fastir matsþættir en auk þess verða settir niður þættir sem verða skoðaðir eftir því sem mikilvægast þykir á hverju ári, lista yfir þá þætti má einnig sjá neðar í þessu skjali.

Áhersla verður á einkunnarorð Grunnskóla Seltjarnarness sem eru virðing, ábyrgð og vellíðan og er þeim ætlað að gefa tóninn fyrir skólabraginn og vera leiðarljós í öllu starfi skólans.

Unnið af:

Guðlaugu Sturlaugsdóttur

Ólínu Thoroddsen

Helgu Kr. Gunnarsdóttur

Fjólu Höskuldsdóttur

Eddu Óskarsdóttur

Margréti Sigurgeirsdóttur

Sjálfsmatsgrunnur 2010-2013

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Ágúst	Kynning á matsáætlun Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar	Matsteymi Skólastjórnendur
September	Skólafærninámskeið fyrir foreldra, matsblað foreldra í lok námskeiðs (hefst 2011). Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Mat á eineltisáætlun	Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri Verkefnastjóri í UT Stjórnendur
Október	Sjálfsmat nemenda (hefst 2011) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Umsjónarkennara Matsteymi/kennarar
Nóvember	Uppbygging SVÓT greining (hefst 2011) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Matsteymi Verkefnastjóri í UT
Desember	Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Stjórnendur/umsjónarkennarar Verkefnastjóri í UT
Janúar	Samráð við 10. bekk um valgreinar o.fl. Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Aðstoðarskólastjóri unglíngadeildar Skólastjórnendur/umsjónarkennari Verkefnastjóri í UT
Febrúar	Matsfundur í skólaráði Sjálfsmat nemenda / nemendaviðtöl Starfsmannasamtöl (febr-apríl) Skólavogin. Viðhorfakannanir lagðar fyrir nemendur (4., 7. og 10. bekk, starfsfólk og foreldra (á bilinu febrúar til apríl) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólastjóri /aðstoðarskólastjóri Umsjónarkennari Skólastjórnendur Matsteymi Verkefnastjóri í UT
Mars	Skólavogin – rekstrarkönnun Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Matsteymi /aðstoðarskólastjórar Verkefnastjóri í UT
Apríl	Mat á skólanámskrá Stefnumörkun í skólanum - staða Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Kennarar/stjórnendur Matsteymi/starfsmenn Verkefnastjóri í UT
Mái	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Verkefnastjóri í UT
Júní	Samantekt matsteymis skýrsla Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Matsteymi Verkefnastjóri í UT

Aðrir matsþættir

- Líðan nemenda, rýnihópaviðtöl (sett á 2010-2011)
- Nemendur (þarfir, samstarf o.fl.)
- Heimanám (2010-2011)
- Samstarf heimilis og skóla (skipulag foreldrasamstarfs)

- Kennsla (viðmið um góða kennslu, kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska)
- Námsmat (t.d. vor og haust og tengt foreldraviðtölum)
- Starfsfólk (líðan, þarfir, starfsandi, samstarf)
- Stjórnun (skipulag (fundaskipulag), verklag o.fl.)
- Viðmót og menning skóla
- Uppbyggingarstefnan (staða innleiðingar, áframhaldandi vinna o.s.frv.)
- Tengsl skólastiga
- Samstarf við grenndarsamfélag
- Þróunar- og nýbreytnistörf (metið reglulega)
- Endurmat áætlana.
- Mat stoðþjónustu:

Bekkur	Próf	Tími	Ábyrgur
1. bekkur	Tove Krogh Málþroskaskimun talkennara Læsi 1. bekkur 1. hl. Læsi 1. bekkur 2. hl. Læsi 1. bekkur 3. hl. Raddlestrarpróf (fyrir læsa nem.)	Lok sept. byrjun okt. September Nóvember Mars Maí eða sept. í 2. bekk. Janúar og maí	Deildarstj. Sérk. Talkennari Deildarstj. sérkennslu. Deildarstj. stigs
2. bekkur	Aston Index stafsetning Læsi 2. bekkur 1. hl. Læsi 2. bekkur 2. hl. Raddlestrarpróf	September Nóvember Mars Ágúst, jan og maí	Deildarstj. sérk. Deildarstj. sérk. Deildarstj. sérk. Deildarstj. yngra st.
3. bekkur	Aston Index stafsetning Raddlestrarpróf LH 60	September Ágúst, jan. og maí. Janúar	Deildarstj. Sérk. Deildarstj. yngra st. Deildarstj. sérk.
4. bekkur	Aston Index stafsetning Samræmd próf í ísl. og stæ. Raddlestrarpróf LH 40	September September Sept., jan og maí. Janúar	Deildarstj. Sérk. Umsjónarkennari Deildarstj. miðst. Deildarstj. sérkennslu
5. bekkur	Aston Index stafsetning Raddlestrarpróf	September Ágúst, jan. og maí.	Deildarstj. Sérk. Deildarstj. stigs
6. bekkur	Aston Index stafsetning Raddlestrarpróf	September Ágúst, jan. og maí	Deildarstj. sérk. Deildarstj. stigs
7. bekkur	Samræmd próf í ísl. og stæ. Skimunarpróf í stærðfræði	Október September	Umsjónarkennari Stærðfræðikennarar
9. bekkur	GRP-14	September	Deildarstj. sérkennslu
10. bekkur	Samræmd próf	September	Skólastjórnendur

Til upplýsingar

Hér fyrir aftan verður gerð grein fyrir nokkrum þáttum í skólamatinu til upplýsingar.

Skólastefna

Skólaárið 2010-2011 er stefnt að því að yfirfara skólastefnu Seltjarnarnesbæjar undir forystu fræðslusviðs bæjarins en sú yfirferð kann að hafa áhrif á starfið í skólanum svo og matsáætlun.

Skólanámskrá

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal skólanámskrá vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla þó svigrúm sé fyrir sérkenni skólans. Í skólanámskrá skal birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti. Einnig skal fjalla þar um sjálfsmatsáætlun og tilhögun námsmats. Í skólanámskrá birtir skólinn einnig starfsáætlun sína og þær verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum, t.d. varðandi umgengni og aga, slysavarnir og heilsugæslu. Einnig þarf að koma fram hvernig staðið er að námsráðgjöf fyrir nemendur og stuðningi af ýmsu tagi. (Aðalnámskrá grunnskóla 2006)

Fleiri atriði eru nefnd en ljóst er að skólanámskrá er mjög víðfeðmt plagg þar sem endurspeglar starfið í skólanum. Námskráin verður því ekki sett í eina bók og því hefur í Grunnskóla Seltjarnarness verið litið svo á að skólanámskráin birtist í heild sinni á vefsíðu skólans undir ýmsum hlekkjum.

Undir skólanámskrá fellur t.d.

- Handbók foreldra
- Bekkjarnámskrár (árgangar)
- Kennsluáætlanir
- Skóladagatal
- Innra mat
- Eineltisáætlun og aðrar áætlanir
- o.s.frv.

Rannsóknir/kannanir

Það sem er nýtt er þátttaka skólans í Skólavoginni en með henni fáum við samanburð við önnur sveitarfélög.

Viðhorfakönnun nemenda

Lagt fyrir af Skólavoginni í febrúar til apríl (er á íslensku/ensku/pólsku).

Könnun fyrir nemendur samanstendur af um 30 spurningum. Spurt er um: Áhuga á námi, viðhorfi til skóla og kennara, líðan í skóla, námsumhverfi, einelti, þátttöku og vinnulag nemenda, stuðning við nám og nemendaráð. Könnunin er lögð fyrir nemendur í 4., 7., og 10. bekk.

Rannsókn og greining

Hagir og líðan nemenda í 5. – 7. bekk, lagt fyrir á vorönn.

Vímuefnaneysla ungs fólks á Seltjarnarnesi, lagt fyrir á vorönn.

Viðhorfakönnun starfsfólks

Lagt fyrir af Skólavoginni í febrúar til apríl.

Könnun fyrir starfsfólk samanstendur af um 50 spurningum. Spurt er um viðhorf til skóla, starfs og skipulags, vinnuástöðu, samvinnu og samskipti við vinnufélaga og stjórnendur, starfsþróun og viðhorf til frammistöðu sveitarfélags í skólamállum.

Viðhorfakönnun foreldra

Lagt fyrir af Skólavoginni í febrúar til apríl.

Könnun fyrir foreldra samanstendur af um 40 spurningum. Spurt er um viðhorf til skóla, líðan barns, samstarf og samskipti foreldra og skóla, þjónustu við foreldra og nemendur, upplýsingaflæði og námsumhverfi.

Skólapúlsinn

Í hverjum mánuði tekur úrtak nemenda í 6. – 10. bekk þátt í Skólapúlsnum. Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virgni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Notkun Skólapúlsins er hugsuð sem hluti af sjálfsmati skólans. Matið er langtímamiðað þannig að auðvelt er að bera saman stöðuna frá mánuði til mánaðar og frá ári til árs. Vefkerfið hefur verið byggt á þann hátt að mælingarnar hafi sem minnst áhrif á daglegt starf kennarans. Skólapúlsinn getur leyst af hólmi stakar kannanir og virkað sem mikilvæg upplýsingaveita í heildstæðu sjálfsmati. Mikil hagræðing er í notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk og greining niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk.

Rekstur (skólavogin)

Skólavogin kallar eftir tölulegum og rekstrarlegum upplýsingum og gerir samanburð á milli sveitarfélaga. Við samanburð þarf þó að gæta að sérstöðu skólanna.

Próf, greiningar og skimanir

Samræmd próf

Skólavogin gerir samanburður á árangri nemenda í 4., 7. og 10. bekk í íslensku og stærðfræði í samræmdum prófum ásamt framfarastuðli

Stjórnendur og kennarar meta einnig niðurstöður samræmdra prófa, hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Skimanir

Stoðþjónusta skimar fyrir námsörðugleikum þannig að hægt sé að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir (sjá upplýsingar um skimanir hér fyrir framan).

Greiningar (sálfræðinga, talmeinafræðing)

Að lokinni greiningu eru skilafundir til foreldra og skóla. Mikilvægt er að skólinn fái niðurstöðuna. v.

Áætlanir

Hér fyrir aftan er yfirlit yfir áætlanir sem unnar hafa verið innan skólans. Áætlanirnar verða yfirfarnar árlega um leið og skólanámskrá.

- *Móttökuáætlun*
 - Fyrir nemendur
 - Fyrir starfsfólk
- *Áætlun gegn einelti*
 - Fyrir nemendur
 - Fyrir starfsfólk
- *Öryggisáætlun*
 - Aðgerðaáætlun Valhúsaskóla
 - Aðgerðaáætlun Mýrarhúsaskóla
 - Vinnuumhverfisvísir Valhúsaskóla
 - Vinnuumhverfisvísir Mýrarhúsaskóla
- *Brunavarnir*
 - Rýmingaráætlun Mýrarhúsaskóla
 - Rýmingaráætlun Valhúsaskóla
- *Röskun á skólastarfi vegna óveðurs*
 - Viðbrögð foreldra
 - Viðbrögð starfsfólks
 - Viðbrögð foreldra á erlendum tungumálum
- *Aðrar áætlanir og verklagsreglur:*
 - Áfallaáætlun
 - Jafnréttis- og mannréttindaáætlun
 - Viðbragðsáætlun vegna Inflúensufaraldurs
 - Símenntunaráætlun starfsfólks
 - skólaárið 2010-2011
 - skólaárið 2009-2010
 - skólaárið 2008-2009
 - Verklagsreglur vegna nemenda með fjölpættan vanda
 - Grænfáninn